

## Stjórnarfundur STEFs 5. júlí 2021

### Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs mánudaginn 5. júlí 2021 og hófst hann kl. 11:00.

Fundarmenn voru: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigurður Flosason, Sigríður Thorlacius, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir og Páll Ragnar Pálsson, sem sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 29. júní var lögð fram en ekki afgreidd formlega.
2. Skýrsla KPMG vegna starfslýsinga o.fl.

Framhald af síðasta fundi.

Nýtt skipurit fyrir skrifstofu STEFs var samþykkt og fól stjórn framkvæmdastjóra að ráðast í nauðsynlegar breytingar í framhaldinu. Ákveðið endurmat myndi fara fram að um ári liðnu.

3. Stefnumótun stjórnar.

Að nýju voru lagðar fram niðurstöður stefnumótunarfundar með KPMG frá 20. maí 2020.

Ákveðið var að fresta þessum lið til næsta stjórnarfundar, sem haldinn verður í ágúst. Þá verði þann 11. október n.k. haldinn sérstakur stefnumótunarfundur stjórnarinnar. Voru stjórnarmenn hvattir til þess að kynna sér niðurstöðurnar á milli funda.

4. Önnur mál.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 14:30.